

EFTIRLITSSKÝRSLA



Laxey hf. Friðarhöfn (áður Icelandic Land Farmed Salmon ehf. Friðarhöfn) Friðarhöfn

Dags eftirlits	11.4.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Laxey hf. Friðarhöfn (áður Icelandic Land	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandvegur 63	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660521-1270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Chris Malanka	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Hartmannsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu: 1) Ekki var tilkynnt um breytingar á tengiliðaupplýsingum. Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Rekstraraðila er bent á að öryggisblöð skulu vera til staðar þar sem efni eru geymd eða notuð. 2) Rekstraraðila er bent á að tryggja að ekki sé hætt á að efni berist út í umhverfið.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Laxeyjar hf. (áður Icelandic Land Farmed Salmon ehf.) í Friðarhöfn.

Viðstödd eftirlitið fyrir hönd Laxeyjar voru: Kristín Hartmannsdóttir, Chris Malanka, Anne Katrine Bruun Olesen og Bragi Magnússon.

Laxey er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 17. maí 2023 og gildir til 17. maí 2039 og tekur til seiðældis með allt að 199 tonna hámarks lífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjöllum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila

Þar sem um er að ræða fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar til rekstraraðila var farið yfir starfsleyfið og þær kröfur sem þar koma fram varðandi skil á skráningum og mælingum. Leyfilegur hámarks lífmassi á hverjum tíma er 199 tonn en skv. upplýsingum rekstraraðila er reiknað með að lífmassi í stöðinni verði ekki nema í undantekningartilfellum meiri en 142 tonn. Þegar eftirlitið fór fram var lífmassi í stöðinni innan við eitt tonn.

Í starfsleyfi er krafa um að frárennslisvatn sé hreinsað með tromlusíu. Tromlusíur eru á hverju kerfi en síá sem á að hreinsa fráveituvatn áður en það er losað frá verksmiðjunni, er ekki komin í notkun.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi til eftirlitsaðila. Rekstur hófst í stöðinni í lok árs 2023 og er því ekki gerð krafa um skil á áðurnefndum gögnum fyrr en fyrir 1. maí 2025.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumatið og það fyllt út miðað við núverandi stöðu.

- Kynningar á fylgiskjöllum og áherslum í eftirliti

Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg var kynntur.

Þar sem starfsleyfi rekstraraðila er innan við árs gamalt eru allar áætlanir til staðar og nýlega uppfærðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

- Önnur mál

Ekki var tilkynnt um breytingar á tengiliðaupplýsingum þegar þær urðu í lok árs 2023 og er það frávík frá gr. 2.2 í starfsleyfi.

6. Skoðunarferð

Olíugeymir verður til staðar vegna varaafls fyrir stöðina. Hann verður niðurgrafinn fyrir utan húsnæði rekstraraðila.

Talsverð vinna er eftir áður en stöðin verður fullbyggð, t.a.m. hafa einungis tvö eldisker af 22 verið tekin í notkun.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.2 í starfsleyfi


Ekki var tilkynnt um breytingar á tengiliðaupplýsingum þegar þær urðu í lok árs 2023.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er annars vegar bent á að öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð og hins vegar að geyma skal öll hættuleg efni í viðeigandi lekavörn.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.07.2024


Freyr Evarsson

